

**Sp.**

**194. Beiðni um skýrslu**

[171. mál]

frá viðskiptaráðherra um stöðu Útvegsbanka Íslands í ljósi upplýsinga í fjölmiðlum um viðskipti bankans og fyrirtækisins Hafskips hf.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni, Kolbrúnu Jónsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur, Guðmundi Einarssyni, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Karli Steinari Guðnasyni, Sighvati Björgvinssyni og Kristínu H. Tryggvadóttur.

Með vísan til

1. 30. gr. þingskapa,
  2. upplýsinga í fjölmiðlum um viðskipti Útvegsbankans og Hafskips hf. og hugsanlegra afleiðinga þeirra,
  3. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, bankaeftirlit og tilkynningarskyldu bankaeftirlits til ráðherra,
  4. ákvæða gildandi laga um ríkisábyrgð á skuldbindingu ríkisbanka
- óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að viðskiptaráðherra flytji Alþingi skýrslu um fjárhagsstöðu Útvegsbanka Íslands. Í skýrslunni komi m.a. fram svör við eftirfarandi spurningum:
1. Hversu hárrí upphæð nema heildarútlán og erlendar ábyrgðir Útvegsbankans vegna Hafskips hf.?
  2. Hversu hátt hlutfall er hér um að ræða af heildarútlánunum og skuldbindingum bankans?
  3. Hvert var eigið fé bankans miðað við 12. nóv. 1985?
  4. Hvað er ætlað að tap bankans vegna viðskipta hans við Hafskip nemi mikilli upphæð?
  5. Hefur stjórn Útvegsbankans sniðgengið reglur og hefðir í bankaviðskiptum um greiðslutryggingar útlána?
  6. Hefur bankastjórn Útvegsbankans fengið villandi upplýsingar frá Hafskipi hf. um rekstur, afkomu, hagnað og veðhæfi eigna?
  7. Hvenær voru upplýsingar um yfirvofandi hættuástand vegna ábyrgða og útlána bankans til Hafskips hf. fyrst lagðar fyrir bankaráð?
  8. Hver hafa verið viðbrögð og aðgerðir hins þingkjörna bankaráðs til þess að gegna eftirlitsskyldu sinni og firra ríkissjóð og skattgreiðendur fjárhagstjóni?
  9. Hyggst ríkisstjórnin leita úrræða til að aflétta bankaleynd vegna þessara viðskipta til þess að allir aðilar, er hagsmuna eiga að gæta, geti leitað réttar síns til ábyrgra aðila?
  10. Hvers vegna hafa stjórn Seðlabanka Íslands og bankaeftirlit ekki vikið bankastjórninni frá eins og fordæmi er fyrir af hliðstæðu tilefni?
  11. Með hvaða hætti hyggst ríkisstjórnin draga þá menn til ábyrgðar sem vegna aðgerða sinna eða aðgerðaleyfis í stjórn Útvegsbankans kunna að hafa valdið ríkissjóði og skattgreiðendum fjárhagslegu tjóni, með vísan til lagaákvæða um ríkisábyrgð á skuldbindingum bankans?
  12. Hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir fækkun, afnámi eða sameign ríkisbanka af þessu tilefni?
  13. Hvaða breyting varð á skuldastöðu Hafskips hf. við Útvegsbankann á tímabilinu 15. jan. 1980 til 2. júní 1983?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu við fyrstu hentugleika á fundi sameinaðs Alþingis eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 5. des. 1985.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Kolbrún Jónsdóttir.

Kristín Halldórsdóttir.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Guðmundur Einarsson.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Karl Steinar Guðnason.

Sighvatur Björgvinsson.

Kristín H. Tryggvadóttir.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.